

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.
Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

259. tbl - 6. árg.

29. júní 2006



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR
- bakjarl í byggð

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

Helgiganga undir Jökli á Jónsmessu

Þar sem gengið var Guði lof og dýrð, í lotningu og þökk fyrir sköpunarverkið. Í áminningu um mikilvægi þess að vernda náttúruna.

Gangan var á vegum Þjóðgarðarins Snæfellsjökuls, í samstarfi við Ingjaldshólskirkju og var hún í tveimur hlutum.

Fyrri gangan hófst kl. 19:30 með helgistund og ferðabæn á hinum forna kirkjustað á Saxhóli á föstudagskvöldið, við kross sem reistur var í tilefni göngunnar. Gengin var gamla þjóðleiðin um Prestahraun að Ingjaldshólskirkju og lauk þeim hluta göngunnar með klukkna-hringingu og guðsþjónustu kl. 2:30.

Seinni gangan hófst daginn eftir kl. 16:00, með ritningarlestri og ferðabæn á Einarlóni, þar sem einnig hafði verið reistur kross. Gengið var að Hellnarkirkju og lauk göngunni með messu og altarisgöngu kl. 22:30.

Heiðursgöngustjóri var Jónína Bjartmars umhverfisráðherra. Aðrir göngustjórar voru dr. Pétur Pétursson prófessor og Sæmundur Kristjánsson sagnamaður í Rífi, leiðsögumaður og landvörður.

Sáu þeir dr. Pétur og Sæmundur um sögu og hugleiðingar á leiðinni, en sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, sóknarprestur á Ingjaldshóli, annaðist helgihald við upphaf og lok ferðanna.

Á leiðinni var sagt frá merktum sögulegum atburðum, minnstæðu fólki, helgisögum og þjóðlegum fróðleik, sem tengist leiðinni og lífi fólks að fornu og nýju. Minnst var fornra og nýrra helgistaða, merkra sagna og atburða í sögu kristnihalds undir Jökli.

Helgigangan markað jafnframt lok sýningarinnar „Ummyndun“ sem hefur verið í anddyri Aðalbyggingar Háskóla Ís-



Sr. Ragnheiður Karítas með helgistund á Saxhóli.

lands, og var gangan birtingarmynd á fjórða „verki“ sýningarinnar.

Björgunarsveitin Björg á Hellissandi fylgdi göngunni eftir, svo alls öryggis væri gætt. Á hún þökk skilið og Guðs blessun fyrir sitt förnfúsa framlag.

Um fjörotúu manns áttu þessa

daga yndislegt samfélag bæði á andlegu og landfræðilegu ferðalagi. Vegna góðrar þátttöku, verður stefnt að því að endurtaka gönguna að ári og vonandi sjá sem flestir sér fært að taka þátt í henni á næstu Jónsmessu.



Gögnuhópurinn í upphafi ferðar við hinn forna Saxhól.



Tilkynning frá Vátryggingafélagi Íslands

Vegna sumarleyfa verður skrifstofa VÍS í Snæfellsbæ lokað frá kl 12,30 frá og með mánudeginum 3. júlí til föstudagsins 7. júlí nk. Vinsamlegast hringið í síma 560-5060 ef aðstoðar er þörf.

Pétur Steinar Jóhannsson þjónustustjóri VÍS

Sandaragleði 2006
14. til 16. júlí



Hæfileikakeppni

Hæfileikakeppni á Sandaragleðinni föstudaginn 14. júlí
Skráning hefst 03. júlí til 13. júlí 2006
hjá Sirrý270@simnet.is
Nánari upplýsingar gefur Sirrý Gunnarsdóttir í síma 895-6717

Flugdrekkakeppni



Flugdrekkakeppni á Sandaragleðinni laugardaginn 15. júlí
Keppnin verður haldin við Tröðina. Veitt verða verðlaun fyrir frumlegasta flugdrekkann sem kemst á loft og líka fyrir þann sem helst lengst á flugi

Undirbúningsnefndin



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Færeyskir dagar um helgina

Nú um helgina verður hin árlega fjölskylduhátíð Færeyskir dagar haldnir í Ólafsvík og er þetta í nýnda sinn sem bæjarhátíð þessi er haldin.

Fjölbreytt dagskrá er í boði alla helgina og má nefna að Ronja ræningjadóttir kemur í heimsókn svo og Tóti tannálfur og Sölvar súri, þá verður haldin söngkeppni fyrir börn og unglinga, kassabílarallý, bekkpressu-, golf-, og bryggjumót, eins megum við ekki gleyma að nefna dansatriði frá eldri borgurum okkar hér í Ólafsvík. Dansleikir verða haldnir bæði kvöldin og á föstudagskvöld mun Hoskie-

brothers spila á bryggjuballi en á laugardagskvöld mun hljómsveitin Í svörtum fötum leika fyrir dansi en dagskrána er hægt að nálgast á snb.is.

Stjórn Færeyskra daga vill koma á framfæri þakkæti til allra þeirra sem styrkt hafa Færeyska daga.

Mjög öflug gæsla verður á staðnum í samvinnu við sýslumann og lögreglu á Snæfellsnesi.

Eins viljum við minna fólk á að huga vel að fatnaði, klæða sig eftir veðri og muna eftir góða skapinu.

Aðstandendur
Færeyskra daga



Höfum opnað
vöruafgreiðslu
inni í porti
gamla frystihússins

Farið er frá ADALFLUTNINGUM Skútuvogi
8, Reykjavík kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.
Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf.
og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ.
Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



Opna stórmót TTB á Færeyskum dögum

Hið árlega opna stórmót golfmót TTB ehf. verður haldið
laugardaginn 1. júlí á Fróðárvell.

Fyrirkomulag mótis er **Höggleikur með og án forgjafar.**
Hámarksforgjöf karla er 24 og kvenna er 28.

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í með og án forgjafar,
auk nándarverðlauna, lengsta upphafshögs og teiggjafa.
Ath. Engöngu er hægt að vinna til verðlauna í einum flokki.

Að sjálfsögðu eru stórglæsileg verðlaun í boði TTB ehf. og
samstarfsaðila, sem eru Siminn, Oddi, Sena og TækniVal.

Ræst verður út frá klukkan 8:00 - 14:00.

Skráning er á "www.golf.is/gjo". Á undanförunum árum hafa
ferri komist að en vildu og því er betra að skrá sig tímanlega.
Skráningu lýkur föstudaginn 30. júní kl. 22:00.

Verð kr. 3.000,-

Mótanefnd.


Góðir gestir

Fiskiðjan Bylgja fékk á dögnum u.þ.b. 60 krakka í heimsókn frá leikjanám-skeiði Víkings. Krakkarnir skoðuðu starfsemina og kynntu sér nokkrar af þeim fisk-tegundum sem eru unnar í Bylgju. Skötuselur og steinbítur vekur jafnan mest viðbrögð og sumir héldu fyrir

nefið á stundum. Eftir að vinnslusalir höfðu verið teknir út var sest niður á kaffistofu Bylgjunnar og snætt nesti ásamt kvenfélagskleinum og djúsi úr djúsvélinni góðu sem að öðrum tækjabúnaði ólöstuðum uppskar langmesta athygli krakkanna.



Blóðrur, luktir, kyndlar og fleira skraut fyrir hverfið þitt á Færeyskum dögum.



Margir litir



Verið velkomin



Verslunin Hrund
Ólafsbraut 55
Ólafsvík

Knattspyrnskóli

Knattspyrnskóli Víkings fór fram dagana 6 - 16. júní á Ólafsvíkuvelli í samstarfi við Snæfellsbæ, Fiskmarkað Íslands og Prinsinn. Um 75 krakkar mættu og mörg þeirra voru að stíga sín fyrstu skref í knattspyrnunni. Ejub Purisevic var yfirleiðbeinandi en með honum voru Steinunn Lárusdóttir, Jón Steinar Ólafsson, Dalibor Nedec, Matej Grobovesk og Kevin Fotheringham. Krakk-

arnir skemmtu sér mjög vel og lærðu töluvert um knattspyrnu á þessum tveimur vikum. Lokadaginn kom Ármann Smári Björnsson leikmaður Íslandsmeistara FH inga í heimsókn og sýndi hann krökkunum eitt og annað úr fótboltanum. Þessa dagana er í gangi leikjanám-skeið Víkings sem endar með lokahófi föstudaginn 30. júní. Næsti knattspyrnu-skóli Víkings verður í ágúst.



Þín verslun

Nýtt kjöttíð hefur á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgdir endast.

Fjöldi annars tíðs sem gilda í 14 daga eða á meðan birgdir endast.

Verslunin Kassinn ehf.
Höfðabergs 1, 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 Fax 436-1346
neti: kassinn@verslun.is

SÖNG-ÓL SÖNG-ÓL SÖNG-ÓL


SÖNG-ÓL OG. Á FÆREYSKUM DÖGUM 2006

Enn er hægt að skrá sig á netfangið sigurdur@snb.is.

Fram þarf að koma:

- Nafn
- Lag
- Undirspil á disk
- Aldur

Stjórnin



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is



Ólafsvíkirkirkja

GOSPELSAMKOMA

Gospelsamkoma verður haldin í
Ólafsvíkirkirkju sunnudaginn 2. júlí kl. 14.00.

Hrönn Svansdóttir og Fanny Tryggvadóttir
söngkonur úr Gospelkór Fíladelfíu syngja
ásamt og undir stjórn Óskars Einarssonar
kórstjóra Gospelkórsins.

Sr. Magnús Magnússon prédikar.

Allir velkomnir

Sóknarprestur

KASSABÍLARALLÝ KASSABÍLARALLÝ KASSABÍLARALLÝ
Kassabílarallý Á FÆREYSKUM DÖGUM 2006



Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig í kassabílarallý sem haldið verður við Bankastræti föstudaginn 30. júní kl 18:30.

Skráningarsími er hjá Vagni 436-1566 og 867-7957.

Stjórnin

Knattspyrna yngri flokka

Mikið var um að vera hjá krökkunum okkar um helgina, lið frá okkur voru í keppni víða um land. Strákar í 7. 6. og 5. flokki Víkings/Reynis voru á Borgarnesmóti ásamt félögum sínum í Snæfelli en lið Snæfells tekur tekur þátt í Íslands-

móti með okkar drengjum.

Stúlkur frá Víking/Reyni tóku þátt í Hnátumóti í Reykjavík og er það mót Íslandsmót.

Drengir í 4. flokki tóku þátt í Smábæjarleikum á Blönduósi og kepptu þar undir merkjum Snæfells.

Skemmt er frá því að segja að okkar krakkar stóðu sig með þryði á öllum vígstöðvum.

Í Borgarnesi kepptu okkar lið í fyrsta sinn sem A-lið og varð árangurinn framar vonum, tvö lið í 4. sæti, eitt lið í 3. sæti og eitt lið í fyrsta sæti en það voru strákarnir í 6. flokki sem náðu þeim árangri. Eins og áður sagði voru drengir frá Snæfelli með okkar drengjum og verð ég að segja frá því hversu gaman er að sjá hve vel þessir drengir skemmta sér saman og voru þeir allir bæjarfélögum okkar til sóma jafnt inn á velli sem utan.

Stúlkurnar okkar tóku þátt í sínu fyrsta Íslandsmóti og

þó þær hafi ekki sigrað þá má greinilega merkja miklar framfarir og eftir þetta mót hefur verið ákveðið að fjölga æfingum hjá þeim og ef áhugi og góð mæting fara saman stendur til að í haust verði skipt í tvo flokka þegar æfingar hefjast innanhúss.

Strákarnir í 4. flokki gerðu góða ferð norður með Snæfelli og gerðu sér lítið fyrir og sigruðu á mótinu í sínum flokki, hægt er að lesa nánar um það í Stykkishólmspóstinum.

Áfram Víkingur / Reynir / Snæfell

Kveðja
Knattspyrnuráð



Meistaramót GJÓ

Meistaramót GJÓ verður daganna 4. - 6. júlí nk. á Fróðárvelli. Ræst verður út frá klukkan 17.00 til 18.30 alla daga mótsins. Mótsstjórn raðar í ráshópa af handahófi fyrsta daginn, en raðað verður í ráshópa eftir skori seinni dagana.

Keppt verður í forgjafaflokkunum 0-10,4 og 10,5-20,4 og 20,5 og hærri, auk þess verður keppt í heldri manna flokki sem er fyrir kyflinga sem náð hafa yfir 40 ára aldursmúrinn.

Skráning á www.golf.is/gjo fyrir þriðjudaginn 4. júlí kl. 14.00

Mótanefnd.



KÆLIVER EHF
Hafliði Sævaldsson GSM: 893-1906
Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310
Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100

120 1886
2006

Þér er boðið í afmæli!

Laugardaginn 1. júlí

Afmælishátíð um allt land

Dagskrá í Landsbankanum í Ólafsvík

- 12.00 Afmælishátíð hefst
13.00 Ávarp Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðs, sýnt beint á skjá útibúsins. Afmælissöngurinn sunginn samtímis um allt land.

- Dúettinn Tveir á milli
- Tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar
- Hattur og Fattur skemmta
- Andlitsmálun
- Afmæliskaka fyrir alla
- Pylsur og meðlæti
- Gjafir fyrir börnin
- Risafótboltar á svæðinu



Landsbankinn

Banki allra landmanna | 120 ár